

Skólahópar veturinn 2022/23

Hausönn:

Hönnunarsafn Íslands

Dagskrá fyrir 7. bekk

5. október - 11. nóvember í tengslum við forvarnarviku

Tími: 90 mínútur

Lýsing: Orðið velsæld verður rætt og orðakort gert. Hvaða aðstæður, hlutir, rými láta mér líða vel og hvað mundi ég vilja hanna/eiga sem lætur mér líða vel. Nemendur vinna með klippimyndir, lím, orð og pælingar og kynna hugmyndir sínar að lokinni smíðju.

Bókasafn Garðabæjar

Dagskrá fyrir 4. bekk

9. nóvember – 22. nóvember í tengslum við norrænu bókmenntavikuna

Tími: 40 mínútur

Norrænar barnabækur verða í brennidepli í kringum norrænu bókmenntavikuna í nóvember. Nemendur fá kynningu á höfundum og leysa getraun tengda norrænum ævintýrum og sögum. Heimsóknin stuðlar vonandi að sjálfstæðum heimsóknum nemenda á safnið enda verður bókakostur og bókasafnsskírteini kynnt. Dregið verður úr þátttakendum getraunar og veitt verðlaun í lok nóvember.

Aftur til Hofsstæða:

Þróun móttöku skólahópa með þjóðfræðingnum Dagrúnu Ósk Jónsdóttur

Tónlistarskóli Garðabæjar

Dagskrá fyrir 9. og 10. Bekk

3. og 4. október

Tími: 50 mínútur

Jazzbadass er dagskrá með fyrsta flokks tónlistarmönnum sem rekja sögu jazzins með tóndæmum og skemmtilegum sögum í því skyni að fræða og skemmta. Nemendur taka þátt í spurningakeppni í lok dagskrár.

Hönnunarsafn Íslands

Dagskrá fyrir leiksskólahópa

18. og 25. Október

Tími: 35 mínútur

Óperan Bárur er ætluð yngstu börnum skólastigsins en þátttaka barnanna skipar veigamikluð pláss í sýningunni sem fer fram í Smiðju Hönnunarsafnsins.

Vorönn:

Bókasafn Garðabæjar

Dagskrá fyrir 6. bekk

16. janúar –8. febrúar

Tími: 60 mínútur

Hvar er Valli? Ratleikur um allt safnið sem eykur færni nemenda í að leita, lesa kort, finna bækur á safninu og nota sjálfsafgreiðsluvélina.

Aftur til Hofsstaða

Dagskrá fyrir 5. bekk

20. janúar-31. mars

Sýningarnar á Garðatorgi 7 og í Minjagarðinum að Hofsstöðum heimsóttar og fræðsla sem unnin er af Dagrúnu Ósk Jónsdóttur þjóðfræðingi lögð til grundvallar.

Hönnunarsafn Íslands

Dagskrá fyrir 3. bekk

1. febrúar - 31. Mars

Tími: 90 mínútur

Fræðsla um sýningu Hönnunarsafnsins og sköpun í smiðju í kjölfarið. Afrakstur smiðjunnar sýndur á Barnamenningarhátíð í Garðabæ.

Bókasafn Garðabæjar

8. - 10. bekkur

Ljóðadagskrá fyrir unglingastig.

Barnamenningarhátíð í apríl

Leikskólahópar tveir með sýningu á bókasafni, t.d. listaverk í gluggum.

Leikskólahópar á tónleika í Tónlistarskóla.

1. Bekkur Aftur til Hofsstaða
3. Bekkur smiðju á yfirbyggðu torgi
5. bekkur í ritsmiðju á Bókasafni
7. bekkur leiðsögn og pælingar á sýningu í Hönnunarsafni

Bókasafn Garðabæjar

Dagskrá fyrir 1. bekk

1. - 31. maí

Sumarlestur í lok 1. bekkjar. Nemendur kynnast bókasafninu í því skyni að auka sjálfstæði og öryggi nemenda í lok fyrsta skólaárs.